




Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2022

Lagt fram í borgarráði
27. apríl 2023


1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	5.383	4.420	963	21,8%
Laun og launat. gj.	47.754	46.202	1.552	3,4%
Annar rekstark.	27.113	25.821	1.292	5,0%
Nettó útgjöld	69.483	67.603	1.881	2,8%

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávik raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 69.483 m.kr. sem var 1.881 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,8%.



opnun og þjónustu starfsstaða. Áhrif heimsfaraldurs voru mikil í byrjun árs 2022 vegna mikillar útbreiðslu smita með tilheyrandi veikindum hjá miklum fjölda starfsmanna. Þann 25. febrúar var öllum takmörkunum aflétt af skólahlaldi.

Veikindahlutfall á tímabilinu janúar til desember 2022 var um 8,7% fyrir SFS í heild sem er 2% umfram það sem hefur verið undanfarin ár, árin 2019-2021 en þá voru veikindahlutföll 6,7 og 6,8%. Mikið var um útbreidd smit og veikindafjarvistir starfsmanna sem höfðu í för með sér mikið álag á stofnanir. Veikindaforföll á tímabilinu janúar til desember voru 10,7% í leikskólum og 7,9% í grunnskólum. Þessi forföll hafa haft í för með sér kostnað við afleysingu sem ekki hefur verið lagt mat á. Upplýsingar um auka mönnun eru samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum starfsstöðva. Mikil skammtímaveikindi hafa valdið aukinni þörf á yfirvinnu á starfsstöðvum til að manna kennslu og aðra starfsemi.

Mikil fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast aukins stuðnings í námi vegna tungumálaerfiðleika og rofinnar skólagöngu hefur leitt til mikillar hækkunar á launakostnaði hjá leik- og grunnskólum. Þessi skyndilega breyting á samsetningu nemenda gerir það að verkum að nýtt grunnskólalíkan nær ekki að fylgja eftir þeirri raunkostnaðaraukningu sem orðið hefur í skólakerfinu. Þessi fjölgun barna af erlendum uppruna var ófyrirséð en SFS hefur veitt þessum börnum alla þá þjónustu sem þurft hefur til að aðlaga þau að íslensku samfélagi.

Nýtt grunnskólalíkan var tekið í notkun í ársbyrjun 2022. Skólaárið 2021-2022 var skipulagt vorið 2021 og ráðningar starfsmanna miðaðar við eldra líkan sem kann að hafa haft áhrif á skipulag skólustarfsins á vorönn.

Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem á að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárþörf leikskóla miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, en mikið ójafnvægi hefur verið milli rekstarkostnaðar og fjárheimilda til leikskóla á síðustu árum sem hefur komið fram sem mikill halli hjá nær öllum leikskólum.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækkunar á verði aðfanga miðað við fjárheimildir sem tóku ekki hækkunum vegna verðlagsbreytinga. Fjárheimildir vegna innri leigu á húsnæði hafa verið endurreiknaðar til samræmis við hækkun vísitölu. SFS hefur brugðist við hækkun á verði aðfanga með því að leita hagkvæmstu leiða við rekstur mótuneyta. Sem dæmi hafa nú 46 leikskólar og 11 grunnskólar dregið verulega úr mótuneytiskostnaði með því að kaupa aðkeyptan mat.

SFS hefur brugðist við hækkun á rekstarkostnaði með því að leita hagkvæmstu innkaupa og draga úr endurnýjun tækja og búnaðar. Einnig hefur verið lagt í mikla greiningarvinnu í tengslum við hækkun á launakostnaði. Niðurstaðan hefur leitt í ljós að fjölgun barna af erlendum uppruna hefur aukið álag á kennara og starfsfólk í skólakerfinu.

Hér að neðan eru helstu liðir sem tengdir eru óhagstæðum ytri skilyrðum í rekstri SFS og valda 370 m.kr. halla af þeim 1.881 m.kr. sem ársuppgjörið sýnir (sjá nánari sundurliðun í töflu).

Nokkrir liðir sem valda halla á tímabilinu:

Útgjöld sem valda halla	Fjárhæð, m.kr.	Helstu forsendur
Grunnskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	15	Bókfærður kostnaður með verkefnaþingunni COVID19
Leikskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	12	Bókfærður kostnaður með verkefnaþingunni COVID19
Frístundastarf, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	2	Bókfærður kostnaður með verkefnaþingunni COVID19
Grunnskólar, kostnaður við eigin þrif	15	Miðað er við að kostnaður sé um 5 m.kr. á mánuði, jan-mars.
Leikskólar, kostnaður við Covid	69	Kostnaður vegna hólfunar
Grunnskólar, kostnaður við Covid	40	Kostnaður vegna hólfunar
Samtals kostnaður við eigin þrif og hólfun vegna Covid	153	
Óreglulegir liðir grunnskóla	217	Kostnaður sem ekki fellur undir reglulegan rekstur grunnskóla.
Samtals óreglulegir liðir	217	
Samtals	370	

Í meðfylgjandi töflu er fylgt framsetningu í samþykktari fjárhagsáætlun sviðsins og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður við niðurstöður ársins 2021.

Skóla- og frístundasvið	Raun 2022	Upprunaleg áætlun 2022	Esk. áætlun 2022	Munur á raun og esk áætlun	%	Raun 2021	Mism. milli ára	%
Grunnskólar	38.830	35.724	37.979	851	2,4%	35.906	2.924	8,1%
Leikskólar og dagforeldrar	22.560	19.451	21.172	1.389	7,1%	19.612	2.948	15,0%
Frístundastarf	4.512	4.864	4.787	-275	-5,7%	4.667	-155	-3,3%
Skrifstofur SFS	1.507	1.525	1.527	-20	-1,3%	1.537	-30	-1,9%
Listaskólar og námsflokkar	2.074	2.018	2.138	-64	-3,2%	1.979	95	4,8%
Skóla- og frístundasvið	69.483	63.581	67.603	1.881	2,8%	63.701	5.782	9,1%

Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	11.403	11.403		0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	457	390	67	17,2%
Einkareknir skólar og tónlistarskólar	6.941	6.958	-17	-0,2%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	680	565	116	20,5%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	19.482	19.316	166	0,9%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mötuneyti	2.257	1.714	543	31,7%
Kennsluefni	298	295	3	0,9%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	722	647	75	11,6%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	805	735	69	9,4%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	814	669	145	21,6%
Húsaleiga	343	239	104	43,3%
Aðkeypt vinna	382	398	-17	-4,2%
Innri leiga búnaðar	888	834	54	6,5%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	1.123	972	151	15,5%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	7.631	6.505	1.126	17,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	27.113	25.821	1.292	5,0%

Frávik í öðrum rekstrarkostnaði hjá SFS var um 5,0% umfram fjárheimildir eða 1.292 m.kr. Öðrum rekstrarkostnaði SFS er skipt upp í tvennt, annarsvegar rekstrarkostnað án aðkomu stjórnenda s.s. greiðslum til sjálfstætt starfandi stofnanna, innri leigu og veitukostnaði og hins vegar rekstrarkostnaði með aðkomu stjórnenda og snýr að daglegum rekstri þeirra stofnanna sem þeir stýra. Af þeim síðarnefnda er halli að fjárhæð 1.126 m. kr. en þar af eru 543 m.kr. tengdar umframkeyrslu í hráefniskostnaði í mötuneytum. Verð á matvörum hefur hækkað verulega á árinu og óhagræði í rekstri mötuneyta vegna covid og mygluskemmda hafði einnig mikil áhrif. Verulegur viðbótarkostnaður hefur fallið á SFS í tengslum við framkvæmdir vegna myglu þar sem nauðsynlegt hefur verið að skipta rekstrareiningum upp á marga starfsstaði en það hefur leitt til mikillar hækkunar á rekstrarútgjöldum.

Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna var um 145 m.kr. umfram fjárheimildir, sem kemur til vegna þess að grípa hefur þurft til nauðsynlegs viðhalds hjá starfsstöðvum SFS til að halda húsnæði og búnaði í nothæfu ástandi. Aðkeypt ræsting, sorphirða

og öryggisgæsla var um 69 m.kr. umfram fjárheimildir og vó ræsting þar þungt vegna krafna um að starfsstaðir væru með góðar smitvarnir. Ekki komu viðbótarfjárheimildir til móts við þann kostnað. Á árinu 2022 var endurnýjað útboð á ræstingu sem tók gildi í maí en þrátt fyrir hagræði við útboðið þá hafa verðbætur á samningsfjárhæðir leitt til hækkunar umfram fjárheimildir sem ekki fylgdu hækkunum á töxtum ræstingarfyrtækjanna.

Aðkeypt vinna var 17 m.kr. innan fjárheimilda þar fellur undir s.s. sérfræðiþjónusta, lækniþjónusta og önnur aðkeypt vinna. Greiðslur til einkarekinna skóla og tónlistarskóla voru 14 m.kr. innan fjárheimilda en uppgjör milli sveitarfélaga 116 m.kr. umfram áætlun. Fjárheimildir vegna innri leigu húsnæðis voru uppfærðar í lok árs til samræmis við útgefna reikninga Eignasjóðs.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	2.638	2.120	517	25.764	25.195	569	15.704	14.904	799	38.830	37.979	851	2,2%	Halli
Leikskólar	1.675	1.509	165	15.985	14.930	1.055	8.249	7.751	499	22.560	21.172	1.389	6,6%	Halli
Frístundastarf	872	713	159	4.415	4.527	-112	969	974	-5	4.512	4.787	-275	-5,7%	Afgangur
Skrifstofur SFS	126	16	110	1.189	1.132	56	445	411	34	1.507	1.527	-20	-1,3%	Afgangur
Listaskólar ofl.	74	61	12	402	418	-16	1.746	1.781	-35	2.074	2.138	-64	-3,0%	Afgangur
Samtals	5.383	4.420	963	47.754	46.202	1.552	27.113	25.821	1.292	69.483	67.603	1.881	2,8%	Halli

Grunnskólahluti

Nettó útgjöld grunnskólahluta SFS voru 38.830 m.kr. sem var 851 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,2%.

Grunnskólhluti (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	2.638	2.120	517	24,4%
Laun og launat. gj.	25.764	25.195	569	2,3%
Annar rekstark.	15.704	14.904	799	5,4%
Nettó útgjöld	38.830	37.979	851	2,2%

Tekjur grunnskólahluta voru 2.638 m.kr. sem var 517 m.kr. yfir áætlun eða 24,4%. Tekjur af skólamáltíðum voru um 88,8 m.kr. umfram áætlun, styrkir 172 m.kr. yfir áætlun og greiðslur vegna hælisleitenda 148 m.kr. og aðrar sértekjur 41,3 m.kr.



Launakostnaður grunnskólahluta var 25.764 m.kr. sem var 569 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,3%. Þar af er halli vegna langtímaveikinda 101 m.kr. Viðbótaryfirvinna vegna rekstrarröskunar í tengslum við myglu og Covid 19 í almennum skólum námu 163 m.kr. Kostnaðaraukning vegna aukinnar þjónustuþyngdar og fjölgunar nemenda í sérskólum nam 169 m.kr.

Óskiptur annar rekstrarkostnaður var í heildina 15.704 m.kr. en hann skiptist eins og áður hefur verið getið í annan rekstrarkostnað sem stjórnendur hafa ekki aðkomu að og hins vegar daglegar rekstrarkostnað sem stjórnendur geta haft áhrif á.

Annar rekstrarkostnaður var um 799 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,4%. Af þessum 799 m.kr. eru 298 m.kr. vegna aukins kostnaðar við mótuneytisrekstur og 110 m.kr. vegna hækkunar á leigu á húsnæði í eigu þriðja aðila. Aðrir rekstrarliðir eru að hækka minna en þó þannig að þeir hafa samanlagt veruleg áhrif. Kostnaður eins og skólaakstur, sem óhjákvæmilega fylgir stórum mygluverkefnum, hefur farið vaxandi og var því 64 m.kr. umfram fjárheimildir. Samningar um ræstingu eru bundnir vísitölum sem hafa tekið meiri hækkunum en reiknað var með en því til viðbótar féll til á árinu kostnaður í tengslum við Covid-19 upp á 15 m.kr. kemur til vegna aðkeypra smitvarna, þrifa og öðru slíku til að bregðast við auknum kröfum um ræstingu og hólfaskiptingu.

Viðhald og endurnýjun var 6 m.kr. innan fjárheimilda. Aðkeypt ræsting var 47 m.kr. umfram fjárheimildir. Húsaleiga var 110 m.kr. umfram fjárheimildir. Aðkeypt vinna, sálfræðiþjónusta og túlkþjónusta var 22 m.kr. umfram fjárheimildir. Hráefni til mótuneyta og aðkeyptur matur var 298 m.kr. umfram fjárheimildir.

Óreglulegir liðir grunnskóla voru 217 m.kr. umfram þær fjárheimildir sem fengust á árinu til að mæta þeim kostnaði sem felst í röskunar á skólastarfi og auknum kostnaði sem ekki fellur undir almennan rekstur skóla.



Heimild: <https://reykjavik.is/skolastarf-i-tolum>, mv. 1.10. hvers árs

Annar rekstrarkostnaður grunnskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	8.856	8.856		0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	346	286	60	21,1%
Einkareknir skólar	1.695	1.699	-4	-0,2%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	430	322	108	33,5%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	11.328	11.163	165	1,5%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	1.107	809	298	36,9%
Kennsluefni	171	161	10	6,1%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	694	630	64	10,2%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	314	267	47	17,5%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	502	508	-6	-1,1%
Húsaleiga	281	170	110	64,7%
Aðkeypt vinna	165	143	22	15,1%
Innri leiga búnaðar	691	674	17	2,6%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	451	379	72	19,1%
Samtals rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda	4.375	3.741	634	17,0%
Samtals annar rekstrarkostnaður	15.704	14.904	799	5,4%

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla, að meðtöldum sér- og samreknum skólum var 35.625 m.kr. Fjárheimildir námu 35.137 m.kr. fyrir grunnskóla og var kostnaður því 487 m.kr. umfram fjárheimildir eða 1,4%. Miðlægir liðir og úthlutunarpottar grunnskóla voru samanlagt með 150 m.kr. halla á tímabilinu. Helstu liðir sem mynda halla: akstur fatlaðra og skólaakstur 85,5 m.kr. og uppgjör til sveitarfélaga 72,7 m.kr. Útgjöld vegna einkarekinna skóla voru 4 m.kr. innan fjárheimilda.

Grunnskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %
Grunnskólar samreknir	310	251	58	3.744	3.753	-9	2.032	1.885	147	5.467	5.386	80	1,5%
Grunnskólar	1.340	958	383	19.410	19.170	240	9.480	9.134	346	27.549	27.346	204	0,7%
Sérskólar	17	11	6	1.910	1.741	169	716	675	40	2.608	2.405	203	8,4%
Samtals borgarreknir:	1.667	1.220	447	25.064	24.664	401	12.228	11.694	534	35.625	35.137	487	1,4%
Miðlægt og endurúthlutun	970	900	70	537	531	5	1.625	1.411	214	1.192	1.042	150	14,3%
Óreglulegir liðir grunnskóla				163		163	155	100	55	318	100	217	216,6%
Einkaskólar							1.695	1.699	-4	1.695	1.699	-4	-0,2%
Samtals borgar. og einkar	2.638	2.120	517	25.764	25.195	569	15.704	14.904	799	38.830	37.979	851	2,2%

SFS tók á árinu í notkun nýtt rekstrarlíkan, Edda, fyrir borgarrekinna grunnskóla. Þetta var fyrsta árið sem nýtt líkan er borið saman við rekstrarniðurstöðu ársins en þó verður að hafa í huga að rekstrarákvarðanir og skipulag á fyrri hluta ársins 2022 (lok skólaársins 2021/2022) voru miðuð við eldra líkan. Þannig má segja að nýja líkanið hafi komist í rekstur um mitt árið þó svo að samamburður sé gerður milli líkansins og rekstrarársins á ársgrundvelli.

Heildarfrávik ársins hjá borgarrekinum grunnskólum var 1,4% (487 m.kr.) sem verður, að teknu tilliti til þess að stjórnendur höguðu ráðningum og skólastarfi á fyrri hluta árs í samræmi við eldra módel, að teljast nokkuð gott. Árið 2023 verður fyrsta árið þar sem keyrt verður heilt rekstrarár með Eddunni og því verður eftirfylgni fjármáladeildar meiri en venja er svo grípa megi fljótt inn í frávik og leiðréttá stefnuna. Ef að sérskólarnir eru teknir út úr töflunni hér að ofan þá enda Eddu skólarnir í 0,9% frávik og má því draga þá ályktun að Eddu líkanið sé að grípa þann rekstrarkostnað sem tilheyrir rekstri borgarrekinna grunnskóla. Þess verður þó að geta að Eddan er enn að stíga sín fyrstu skref og skólar að máta sig inn í líkanið.

Nokkrir grunnskólar eru að kljást við rekstrarvanda í tengslum við hraðan vöxt eða fækkun í fjölda nemenda. Dæmi um skóla sem hafa vaxið mjög hratt og sprengt utan af sér þann ramma sem þeim var skipaður eru t.d. Dalskóli og Hlíðaskóli. Þar hafa stjórnendur þurft að bregðast við ófyrirsjáanlegri fjölgun nemenda sem skapar aukið álag og vandamál í tengslum við mönnun kennslu og kennsluáðstöðu. Að sama skapi eru Ingunnarskóli og Ártúnsskóli í vanda vegna fækkunar nemenda sem hefur gert það að verkum að bekkjastærðir og fjöldi bekkja eru skólunum óhagsstæðir og því verður rekstrarkostnaður hærri en líkanið gerir ráð fyrir. Hvort tveggja eru óhagstæð rekstrarskilyrði sem leiða til hækkunar kostnaðar og umframkeyrslu og því er nauðsynlegt að þekkja bakgrunn rekstrareininganna þegar lagt er mat á rekstrarframmistöðu.

Klettaskóli er með rekstrarfrávik sem nemur 215 m.kr. á árinu. Helstu áhrifabættir eru fjölgun nemenda og aukin þjónustuþyngd þeirra nemenda sem sækja skólann. Nauðsynlegt er að rýna rekstur skólans vel og skapa honum þann ramma sem hann þarf til að geta sinnt því hlutverki sem honum er ætlað. Í dag eru um 45% nemenda frá nágrennasveitarfélögunum og því eru þau með ákveðna hlutdeild í rekstrarfrávik ársins. Hluttur Reykjavíkurborgar er því í kringum 115 m.kr. af rekstrarfrávikinu.

Fjölgun barna af erlendum uppruna hafa valdið viðbótar álagi og kostnaðarauka þar sem SFS hefur það að markmiði að veita þessum börnum allan þann stuðning sem þau þurfa til að auðvelda þeim aðlögun að íslensku samfélagi. Flest þessara barna þurfa aukinn stuðning, bæði hvað varðar tungumál og félagslega þætti. Reykjavíkurborg hefur boðið velkomin börn með sérþarfir og hefur þeim fjölgað í grunnskólum borgarinnar. Þetta allt hefur leitt af sér kostnaðarauka sem SFS hefur brugðist við með því að hagræða og beina því fjármagni sem er til staðar í þann farveg að það nýtist sem best öllum nemendum og starfsmönnum grunnskóla. Það skal tekið fram að Eddu líkanið var ekki hannað þannig að það næði utan um öll möguleg tilvik og er þessi mikla fjölgun barna með erlendan uppruna því ekki hluti af grunnlíkani Eddunnar. Reykjavíkurborg hefur mætt þessari aukningu að hluta til með aukningu fjárheimilda.

Halli af rekstri borgarrekinnar grunnskóla ásamt sérskólum var 487 m.kr. Af 39 grunnskólum voru 20 með afgang eða í jafnvægi en aðrir voru með hallarekstur.

Borgarrekinnir grunnskólar (m.kr.)														Árið 2021 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostnaður raun	Kostnaður áætlun	Kostnaður frávik	Samtals rekstur	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Klettaskóli	15	9	-6	1.438	1.245	193	590	562	28	2.013	1.798	215	12,0%	1.716	135
Melaskóli	59	46	-13	803	736	67	305	282	23	1.050	971	78	8,1%	918	103
Dalskóli	85	83	-2	1.191	1.128	63	754	689	65	1.861	1.734	126	7,3%	1.528	127
Ingunnarskóli	39	34	-5	608	575	33	315	293	21	884	834	50	5,9%	746	62
Hlíðaskóli	53	40	-13	918	879	39	402	357	45	1.266	1.196	70	5,9%	1.093	74
Ártúnsskóli	45	44	-1	481	482	-2	188	154	34	624	593	31	5,2%	529	47
Fossvogsskóli	30	28	-2	472	460	12	193	173	21	636	605	30	5,0%	641	164
Selásskóli	21	18	-2	359	341	18	221	214	6	559	537	22	4,1%	517	19
Borgaskóli	21	21	0	430	422	8	234	220	14	642	621	21	3,5%	532	102
Hvassaleitisskóli	19	14	-5	416	415	1	230	207	23	628	609	19	3,1%	534	46
Foldaskóli	36	33	-3	799	785	14	360	339	22	1.123	1.090	32	3,0%	992	59
Engjaskóli	29	20	-9	401	390	11	242	230	12	614	600	15	2,4%	519	71
Hamraskóli	22	14	-8	400	395	5	217	201	17	595	582	13	2,3%	527	25
Laugalækjarskóli	30	22	-7	562	558	4	268	252	16	801	788	13	1,7%	641	38
Vesturbæjarskóli	47	26	-20	489	456	33	331	332	-1	774	762	11	1,5%	709	39
Grandaskóli	34	31	-3	509	500	10	242	241	0	717	710	7	0,9%	665	28
Sæmundarskóli	58	38	-20	676	654	22	414	410	3	1.031	1.026	5	0,5%	935	73
Árbæjarskóli	65	49	-16	971	945	26	419	427	-8	1.325	1.322	3	0,2%	1.186	52
Breiðholtsskóli	36	26	-10	684	661	23	325	338	-13	974	973	1	0,1%	854	43
Háaleitisskóli	0	2	2	0	2	-2	0	0	0	0	0	0		0	0
Laugarnesskóli	60	48	-12	758	747	11	347	350	-3	1.044	1.048	-4	-0,4%	928	86
Háteigsskóli	47	32	-15	650	650	0	261	249	12	864	867	-3	-0,4%	746	31
Hólabrekhuskóli	44	30	-14	685	702	-17	347	320	27	988	993	-5	-0,5%	909	43
Breiðagerðisskóli	41	30	-11	533	532	1	290	285	5	782	787	-5	-0,6%	720	18
Rimaskóli	42	31	-11	744	741	3	359	358	1	1.061	1.068	-7	-0,7%	958	34
Réttarholtskóli	36	31	-5	581	583	-2	263	261	1	808	814	-6	-0,7%	689	18
Austurbæjarskóli	43	33	-10	666	671	-5	334	326	8	957	964	-7	-0,8%	862	20
Húsaskóli	23	14	-9	265	274	-9	220	206	14	462	466	-4	-0,9%	421	34
Fellaskóli	62	22	-40	785	779	6	340	317	23	1.063	1.074	-11	-1,0%	964	34
Langholtsskóli	60	53	-7	1.024	1.035	-11	451	448	3	1.415	1.430	-15	-1,1%	1.248	58
Álftamýrarskóli	86	32	-54	640	621	19	281	255	26	836	845	-9	-1,1%	732	35
Vogaskóli	70	24	-45	647	625	22	341	329	12	918	929	-11	-1,2%	829	16
Seljaskóli	62	47	-14	922	933	-12	332	329	3	1.193	1.215	-22	-1,8%	1.013	77
Brúarskóli	3	2	0	472	496	-24	125	113	12	595	607	-12	-1,9%	577	5
Hagaskóli	43	41	-3	733	748	-16	307	309	-2	996	1.016	-20	-2,0%	949	34
Norðlingaskóli	86	73	-13	885	919	-35	529	517	12	1.328	1.363	-35	-2,6%	1.206	53
Ölduselsskóli	61	37	-24	719	742	-23	399	392	7	1.057	1.097	-40	-3,7%	996	-18
Víkurskóli	26	13	-13	347	392	-45	230	199	31	552	578	-27	-4,6%	490	29
Klébergsskóli	32	29	-3	402	444	-41	221	208	13	591	622	-31	-4,9%	530	23
Samtals	1.667	1.220	-447	25.064	24.664	401	12.228	11.694	534	35.625	35.137	487	1,4%	31.552	6,1%

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2022 er efstur en sá skóli sem er með mestan afgang er neðstur.

Leikskólahluti

Nettó útgjöld leikskólahluta SFS voru 22.560 m.kr. sem var 1.389 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,6%.

Leikskólahluti (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1.675	1.509	165	10,9%
Laun og launat. gj.	15.985	14.930	1.055	7,1%
Annar rekstark.	8.249	7.751	499	6,4%
Nettó útgjöld	22.560	21.172	1.389	6,6%



Tekjur leikskólahluta voru 1.675 m.kr. sem voru 165 m.kr. umfram áætlun eða 10,9%. Reykjavíkurborg hækkaði leikskólagjöld þann 1. september um 4,5%. Tekjuaukning leikskólagjalda er því að mestu tilkomin vegna fjölgunar barna. Tekjur vegna hælisleitenda námu 65,6 m.kr. og styrkir og sértekjur 27,3 m.kr. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum námu 31,3 m.kr. á árinu 2022.

Launakostnaður leikskólahluta var 15.985 m.kr. sem var 1.055 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7,1%. Aukinn kostnaður var vegna röskunar á starfi, bæði vegna Covid-19 og mygluverkefna. Mikil veikindi voru á tímabilinu eða um 10,7% hjá leikskólum sem er langt umfram eðlilegt árferði. Þessi auknu veikindi hafa kallað á auknar afleysingar sem aftur leiða til hækkunar á launakostnaði. Á árinu hefur kostnaður við stuðning barna verið umfram fjárheimildir en þessi umfram kostnaður skýrist m.a. af fjölgun barna af erlendum uppruna sem þurft hafa aukinn stuðning þegar þau stíga fyrstu skrefin inn í íslenskt skólakerfi. Þess skal getið að ekki náðist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem aftur leiddi til lægri nýtingar á rekstrarleyfum leikskólanna og fækkun vistunarplássa.

Óskiptur annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 8.249 m.kr. sem var 499 m.kr. umfram fjárheimildir eða 6,4%. Eins og í öðrum rekstrareiningum SFS þá skiptist annar rekstrarkostnaður í tvennt eftir því hvort stjórnendur hafa aðkomu að því að stofna til útgjaldanna.

Sá hluti annars rekstrarkostnaðar sem stjórnendur hafa aðkomu að var samtals 2.235 m.kr. og var 493 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar vegur þyngst rekstur mótuneyta sem var 262 m.kr. umfram fjárheimildir á árinu. Einnig er aukinn kostnaður vegna viðhalds og endurnýjunar á áhöldum upp á 137 m.kr. en nauðsynlegt hefur verið að leggja í endurnýjun búnaðar þar sem upp hafa komið mygluvandamál. Aðrir liðir s.s. ræsting, sorphirða og öryggisgæsla fóru 31 m.kr. umfram fjárheimildir. Eins og fram hefur komið þá höfðu kröfur um hólfun og smitvarnir í tengslum við Covid-19 áhrif á ræstingarkostnað.

Annar rekstrarkostnaður leikskóla	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	1.962	1.962		0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	94	86	8	9,3%
Einkareknir skólar	3.710	3.720	-10	-0,3%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	248	240	7	3,1%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	6.014	6.009	5	0,0%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	1.029	767	262	34,1%
Kennsluefni	77	45	31	68,6%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	7	5	2	42,6%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	417	386	31	8,1%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	216	80	137	171,5%
Húsaleiga	8	39	-32	-80,7%
Aðkeypt vinna	115	153	-38	-24,8%
Innri leiga búnaðar	133	100	34	0,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	232	166	66	40,0%
Samtals ýmis kostnaður	2.235	1.742	493	28,3%
Samtals annar rekstrarkostnaður	8.249	7.751	499	6,4%



Þegar horft er til þróunar í fjölgun barna í leikskólum borgarinnar og þróunar á nettó útgjöldum til málaflokksins þá virðist sem veruleg aukning hafi orðið í útgjöldum í málaflokknum. Frá árinu 2018 hefur nettó rekstrarkostnaður, á föstu verðlagi, hækkað úr 18.845 m.kr. í 22.650 m.kr. en á sama tíma hefur börnum einungis fjölgað um 144. Þessi 3.750 m.kr. hækkun á rekstrarkostnaði fyrir fjölgun barna um 140 hringir bjöllum og því er nauðsynlegt að horfa á brúttó tölur málaflokksins. Þar sést að þrátt fyrir 49% hækkun rekstrarkostnaðar á tímabilinu þá hafa tekjur af leikskólagjöldum einungis hækkað um 11% á verðlagi hvers árs fyrir sig. Þess vegna lítur út fyrir að rekstrarkostnaður sé síhækkandi þegar raunin er sú að hlutfall tekna er að lækka. Reykjavíkurborg er nú með ein lægstu gjöld á landinu fyrir heilsdagsvistun barna og hafa vistunargjöld ekki haldið í þróun verðlags og launavísitölu undanfarin ár.

Sveitarfélag	Leikskólagjöld
Reykjavík	27.255
Mosfellsbær	30.138
Seltjarnarnes	32.286
Kópavogur	34.211
Hafnarfjörður	34.503
Garðabær	41.627

Leikskólar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Leikskólar	1.496	1.412	84	15.636	14.684	952	4.061	3.449	612	18.201	16.721	1.480	8,9%	Halli
Miðlægt og endurúthlutun	178	97	81	350	246	103	159	180	-21	330	329	1	0,2%	Halli
Samtals borgarreknir	1.674	1.509	165	15.985	14.930	1.055	4.220	3.630	591	18.531	17.050	1.481	8,7%	Halli
Einkaskólar							3.710	3.720	-10	3.710	3.720	-10	-0,3%	Afgangur
Dagforeldrar							319	401	-82	318	401	-82	-20,5%	Afgangur
Samtals einkaskólar og dagf.							4.029	4.121	-92	4.029	4.121	-92	-2,2%	Afgangur
Samtals	1.675	1.509	165	15.985	14.930	1.055	8.249	7.751	499	22.560	21.172	1.389	6,6%	Halli

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Hjá borgarreknnum leikskólum var hallinn 1.480 m.kr. eða 8,9%. Útgjöld námu 18.201 m.kr. en fjárheimildir voru 16.721 m.kr.

Vinna er hafin við gerð nýs rekstrarlíkans hjá borgarreknnum leikskólum. Reiknar SFS með því að hægt verði að úthluta fjárheimildum til borgarrekinna leikskóla í takt við niðurstöður líkansins á fyrri hluta ársins 2023. Vonir eru bundnar við að nýtt líkan nái að endurspegla og fanga allan þann rekstrarkostnað sem til fellur við rekstur leikskólanna.

Borgarreknir leikskólar (m.kr.)														Árið 2021 til samanburðar	
Stofnun	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Brákarborg	16	16	0	199	183	16	45	22	23	228	189	39	20,8%	21	15,0%
Árborg	16	16	0	154	149	5	62	35	27	200	167	32	19,3%	14	8,8%
Klettaborg	19	19	0	220	189	31	52	43	9	253	213	40	18,7%	26	13,2%
Klambrar	17	17	1	215	184	31	49	42	6	246	209	37	17,5%	48	26,0%
Garðaborg	13	13	0	136	118	18	43	37	6	165	142	24	16,9%	5	4,4%
Sæborg	17	17	0	199	175	24	48	40	8	230	198	32	16,1%	6	3,4%
Drafnarsteinn	25	26	-1	284	262	22	70	50	21	329	285	44	15,3%	50	19,5%
Laugasól	38	38	0	439	404	36	121	88	33	522	453	69	15,1%	45	10,9%
Jörfi	26	25	0	246	215	32	65	59	6	285	248	37	15,1%	26	10,8%
Nóaborg	26	19	6	224	205	19	75	52	23	274	238	36	15,1%	24	11,6%
Gullborg	24	24	0	248	224	23	51	40	12	275	240	35	14,6%	28	14,6%
Furuskógur	28	28	0	306	280	26	103	81	22	381	332	48	14,6%	32	11,0%
Sunnufold	27	27	0	288	263	25	71	54	17	331	289	42	14,5%	1	0,4%
Bjartahlíð	34	32	2	360	319	41	79	67	12	405	354	51	14,4%	40	12,5%
Ösp	20	14	6	186	164	23	38	29	9	204	179	25	14,2%	20	12,8%
Langholt	45	45	0	449	394	55	116	107	9	520	456	64	14,1%	31	7,5%
Steinahlíð	20	14	5	150	127	23	59	54	5	190	167	23	13,6%	10	6,4%
Álftaborg	23	23	0	246	219	26	70	62	8	292	258	34	13,2%	18	7,9%
Hagaborg	24	24	0	276	246	30	61	56	5	313	278	35	12,5%	25	10,3%
Múlaborg	23	23	0	311	281	31	62	54	8	351	312	39	12,5%	20	7,0%
Grandaborg	24	18	6	236	208	28	75	65	10	286	255	32	12,4%	40	19,4%
Mariuborg	25	25	0	261	234	27	50	47	4	286	256	30	11,7%	15	6,0%
Ægisborg	21	20	0	228	213	16	52	41	12	260	233	27	11,7%	8	3,7%
Grænaborg	19	19	0	191	174	17	50	44	6	222	199	23	11,5%	10	5,4%
Borg	31	27	5	313	285	29	78	67	11	360	325	35	10,8%	57	19,0%
Sunnuás	45	32	13	377	336	41	119	103	16	451	407	44	10,8%	45	12,6%
Funaborg	24	14	10	166	140	25	30	30	0	172	156	16	10,2%	10	7,8%
Hlíð	28	28	0	318	296	22	92	80	12	382	348	34	9,9%	38	11,9%
Austurborg	26	25	0	290	272	18	62	51	11	326	298	28	9,5%	18	6,6%
Holt	27	25	2	262	246	16	66	54	12	301	275	26	9,5%	14	5,4%
Hólaborg	12	12	0	161	151	10	36	31	6	186	170	16	9,4%	24	17,6%
Kvistaborg	16	15	1	195	184	12	66	55	10	245	224	21	9,4%	28	13,4%
Fífuborg	24	21	3	198	183	15	51	44	7	225	207	19	9,0%	6	3,2%
Bakkaborg	28	27	1	334	311	23	71	64	7	378	348	30	8,6%	36	12,1%
Heiðarborg	26	20	6	211	198	13	50	40	11	235	217	18	8,4%	24	12,0%
Seljakot	23	23	0	220	212	8	61	49	12	258	238	20	8,4%	21	10,9%
Rofaborg	26	26	0	264	243	20	67	66	1	305	283	22	7,7%	21	8,0%
Vínagerði	17	17	0	155	146	9	59	54	5	197	183	14	7,6%	7	4,2%
Hof	30	30	0	308	293	15	62	54	8	339	317	22	7,0%	10	3,0%
Lynghemar	22	22	0	231	221	10	51	45	7	260	243	17	6,9%	30	13,5%
Miðborg	32	31	1	367	346	21	72	66	6	407	381	26	6,7%	28	7,8%
Tjörn	20	20	0	235	224	12	50	45	5	265	249	16	6,6%	27	11,4%
Jöklaborg	28	28	0	280	267	13	64	57	6	315	296	19	6,3%	3	1,3%
Engjaborg	19	19	0	202	193	9	53	48	5	236	222	14	6,3%	10	4,7%
Suðurborg	29	28	1	319	305	14	84	75	9	374	352	22	6,3%	25	8,0%
Hálsaskógur	34	33	0	360	341	19	67	62	4	393	370	23	6,3%	12	3,4%
Geislabaugur	28	28	0	317	310	7	68	61	7	357	343	14	4,2%	15	4,8%
Laufskálar	24	24	0	242	236	6	44	39	5	262	252	11	4,2%	17	7,6%
Vesturborg	16	16	0	166	167	-1	50	41	8	200	192	8	4,0%	12	6,4%
Reynisholt	21	21	0	229	233	-4	57	43	14	265	255	10	3,9%	11	5,0%
Rauðaborg	15	15	0	156	154	2	30	26	4	171	165	6	3,9%	19	13,3%
Sólborg	18	18	1	308	324	-17	79	50	29	369	357	12	3,3%	26	7,2%
Hulduheimar	21	21	0	211	211	1	56	50	6	247	240	7	2,9%	2	1,0%
Rauðhóll	52	51	1	546	547	0	143	128	15	637	623	14	2,3%	26	4,6%
Hraunborg	20	17	3	166	165	1	45	40	5	191	188	3	1,6%	17	10,8%
Stakkaborg	20	19	1	212	216	-4	50	42	8	243	239	4	1,5%	24	12,3%
Seljaborg	14	13	0	127	137	-10	44	31	13	157	155	2	1,1%	14	10,4%
Ævt. við Barónsstíg	0	0	0	0	0	0	3	3	0	3	3	0	0,0%		
Nauthólsvegur	9	9	0	151	155	-3	109	105	3	251	251	0	-0,1%	4	0,0%
Blásalir	19	19	0	194	193	1	38	39	-1	213	213	0	-0,2%	9	5,1%
Briartún	9	9	0	113	114	-1	48	47	1	152	152	0	-0,3%	4	0,0%
Eggertsgata	13	13	0	161	165	-4	91	89	3	239	240	-1	-0,6%	8	0,0%
Nes (Hamrar)	33	30	2	279	294	-14	81	66	15	327	329	-2	-0,6%	27	8,7%
Vogabyggð	2	2	0	59	61	-2	10	9	1	67	68	-1	-1,2%	1	0,0%
Brekuborg	24	18	6	180	181	-1	37	35	2	193	198	-5	-2,5%	2	1,0%
Samtals	1.496	1.412	84	15.636	14.684	952	4.061	3.449	612	18.201	16.721	1.480	8,9%	1.299	8,9%

Töflunni er raðað þannig að sá skóli sem er í mestum % halla 2022 er efstur en sá skóli sem er með minnsta hallan er neðstur.

Frístundahluti

Nettó útgjöld í frístunda- og félagsmiðstöðvastarfi SFS voru 4.512 m.kr. sem var 275 m.kr. innan fjárheimilda eða 5,7%


Frístundastarf(mk.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	872	713	159	22,2%
Laun og launat. gj.	4.415	4.527	-112	-2,5%
Annar rekstark.	969	974	-5	-0,5%
Nettó útgjöld	4.512	4.787	-275	-5,7%

Tekjur voru 872 m.kr. sem var um 159 m.kr. yfir áætlun eða 22,0%. Skýringa á auknum tekjum eru auknar sértekjur og styrkir 21,9 m.kr. Tekjur frá öðrum sveitarfélögum eru 188,9 m.kr. umfram áætlun, en dvalargjöld voru um 79,7 m.kr. undir áætlun

Laun og launategd gjöld voru 4.415 m.kr. sem var 112 m.kr.

innan fjárheimilda eða 2,5%. Erfitt hefur reynst að fullmanna starfsstöðvar í frístunda- og félagsmiðstöðvastarfi og er það meginástæða þess að fjárheimildir voru ekki að fullu nýttar.

Annar rekstrarkostnaður var 969 m.kr. sem var um 5 m.kr. innan fjárheimilda eða 0,5%. Viðhald og endurnýjun var 42 m.kr. umfram fjárheimildir, húsaleiga 15 m.kr. umfram og akstur 8 m.kr. umfram, aðkeypt vinna 5 m.kr. umfram en aðrir liðir voru innan fjárheimilda. Það sama gildir um annan rekstrarkostnað og laun að undirmönnun hefur dregið úr fullri starfssemi og því eru fjárheimildir ekki að fullu nýttar á árinu 2022.



Annar rekstrarkostnaður frístundastarfs	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda				
Innri leiga húsnæðis	335	335		0,0%
Rafmagn, hiti og vatn	17	19	-2	-9,4%
Einkareknir skólar	57	36	21	59,2%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	2	2		0,0%
Samtals rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda	411	391	19	5,0%
Rekstrarkostnaður, aðkoma stjórnenda				
Hráefni í mótuneyti	111	131	-21	-15,8%
Kennsluefni	33	76	-43	-56,2%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	20	12	8	61,9%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	72	81	-9	-10,9%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	76	34	42	125,2%
Húsaleiga	45	30	15	50,5%
Aðkeypt vinna	12	8	5	59,5%
Innri leiga búnaðar	38	33	5	0,0%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	152	178	-26	-14,7%
Samtals ýmis kostnaður	558	582	-24	-4,1%
Samtals annar rekstrarkostnaður	969	974	-5	-0,5%

Frístundastarf	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			Frávik %	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Sértækar félagsmiðstöðvar	12	24	-11	242	300	-58	68	60	8	297	337	-40	-11,7%	Afgangur
Frístundamiðstöðvar	854	686	168	4.153	4.199	-46	796	760	36	4.095	4.273	-178	-4,2%	Afgangur
Miðlægt og endurúthlutun	5	3	2	19	27	-8	105	153	-48	120	177	-58	-32,5%	Afgangur
Samtals	872	713	159	4.415	4.527	-112	969	974	-5	4.512	4.787	-275	-5,7%	Afgangur

Frístundastarf (m.kr.)	Frístundastarf (m.kr.)													Árið 2021 til samanburðar	
	Tekjur raun	Tekjur áætlun	Tekjur frávik	Laun raun	Laun áætlun	Laun frávik	Kostn raun	Kostn áætlun	Kostnaður frávik	Samtals raun	Samtals áætlun	Samtals frávik	Frávik %	Samtals frávik	Frávik %
Sértækar félagsmiðst.	12	24	-11	242	300	-58	68	60	8	297	337	-40	-11,7%	-15	-4,8%
Miðberg	84	83	1	586	615	-29	150	139	11	652	671	-19	-2,8%	-14	-2,2%
Tjörn	136	132	5	837	833	3	172	184	-12	873	886	-13	-1,5%	-34	-4,0%
Brúin	173	163	10	1.093	1.090	2	202	180	21	1.121	1.107	14	1,2%	-21	-0,2%
Kringlumýri	461	308	153	1.638	1.661	-23	272	257	16	1.449	1.609	-160	-9,9%	94	6,5%
Samtals	867	710	157	4.395	4.499	-104	864	821	43	4.392	4.610	-218		9	
Miðlægt verkefni	5	3	2	19	27	-8	105	153	-48	120	177	-58	-32,5%	-58	-16,4%
Samtals frístundastarf	872	713	159	4.415	4.527	-112	969	974	-5	4.512	4.787	-275	-5,8%	-48	1,0%

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir


Skrifstofur SFS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	126	16	110	686,5%
Laun og launat. gj.	1.189	1.132	56	5,0%
Annar rekstark.	445	411	34	8,2%
Nettó útgjöld	1.507	1.527	-20	-1,3%

Skrifstofur SFS og miðlægir liðir: Útgjöld námu 1.507 m.kr. sem var um 20 m.kr. innan fjárheimilda eða 1,3% og skiptist þannig:

Skrifstofur SFS: Útgjöld voru 1.317 m.kr. sem var 8 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,6%. Tekjur sem koma fram eru vegna styrkja, námsleyfa og námskeiðahalds.

Miðlægir liðir/styrkir SFS: Útgjöld voru 153 m.kr. sem var 16,1% innan fjárheimilda. Helstu liðir eru sundstyrkir til starfsmanna, atvinnuauklýsingar, trúnaðarlæknir og almennir styrkir.

Skóla- og frístundaráð: Útgjöld voru 1,6 m.kr. umfram fjárheimildir.



Skrifstofur SFS	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Skrifstofur SFS	97	16	81	1.148	1.105	43	266	219	46	1.317	1.309	8	0,6%	Halli
Miðlægir liðir og styrkir	29		29	8		8	173	182	-9	153	182	-29	-16,1%	Afgangur
Skóla og frístundaráð				32	27	5	6	9	-3	38	36	1,6	4,4%	Halli
Samtals	126	16	110	1.189	1.132	56	445	411	34	1.507	1.527	-20	-1,3%	Afgangur

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	74	61	12	19,7%
Laun og launat. gj.	402	418	-16	-3,9%
Annar rekstark.	1.746	1.781	-35	-2,0%
Nettó útgjöld	2.074	2.138	-64	-3,0%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 2.074 m.kr. eða um 64 m.kr. innan fjárheimilda eða 3,0% á tímabilinu sem skiptist þannig:


Tónlistarskólar: Útgjöld voru um 1.481 m.kr. Útgjöld fyrir kennslustundir sem **Reykjavíkurborg kaupir voru 1.164 m.kr.** hjá tónlistarskólum vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik.

Fyrir kennslustundir sem ríkið kaupir í gegnum **Jöfnunarsjóð** voru útgjöld **317 m.kr.**

Skólahljómsveitir ásamt tónlistarskóla Kjalarness: Útgjöld voru 357 m.kr. sem var 10 m.kr. umfram fjárheimildir.

Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 229 m.kr. sem var 6 m.kr. innan fjárheimilda. Námsflokkar Reykjavíkur voru 5 m.kr. innan fjárheimilda og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík voru skv. áætlun.

Listaskólar ofl.	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals				
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Frávik %	
Skólahljóms- og Tónl. Kj.	25	21	4	352	350	2	30	18	12	357	346	10	3,0%	Halli
Tónlistarskólar							1.481	1.502	-21	1.481	1.502	-21	-1,4%	Afgangur
Námsflokkar, Myndl.	48	40	8	50	44	6	227	230	-3	229	234	-6	-2,4%	Afgangur
Endurúthlutun ofl.					24	-24	8	31	-23	8	55	-47	-85%	Afgangur
Samtals	74	61	12	402	418	-16	1.746	1.781	-35	2.074	2.138	-64	-3,0%	Afgangur



Langtímaforföll

Afleysingar vegna langtímaforfalla námu alls um 1.235 m.kr. í grunnskólum, leikskólum og frístunda- og félagsmiðstöðvum. Fjárheimildir eru vistaðar í miðlægum potti í upphafi árs og fá starfstöðvar úthlutað úr honum til að mæta kostnaði við afleysingar starfsmanna sem fara umfram einn mánuð. Gjaldfærður kostnaður var í grunnskólum, leikskólum og frístunda- og félagsmiðstöðvum samtals 315 m.kr. umfram fjárheimildir á tímabilinu sem þýðir að starfsstaðir báru þann umframkostnað í launalið þar sem hann er greiddur en ekki bættur rekstrareiningum úr miðlægum lið.

Afleysingar langtímaforfalla(m.kr.)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Frávik
Grunnskóli	525	424	101
Leikskóli	664	467	197
Frístundastarf	47	29	17
Samtals	1.235	920	315

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Samtals var sviðið 1.881 m.kr. umfram fjárheimildir eða 2,8%. Þar af telur sviðið að beinn kostnaður vegna Covid-tengdra þátta nemi um 153 m.kr.
- Laun og launatengd gjöld voru 1.552 m.kr. umfram fjárheimildir og var leikskólahlutinn þar umfangsmestur með 1.055 m.kr. frávik. Kostnaður umfram fjárheimildir má að hluta til rekja til fjarvista vegna veikinda sem kallaði á auka mönnun. Grunnskólahlutinn var einnig með mikil frávik eða 569 m.kr. Þar má rekja frávik til langtímaveikinda sem voru 101 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Nauðsynlegt er að mönnun á bæði grunn- og leikskólum sé rýnd með reglubundnum hætti í samanburði við áætluð stöðugildi samkvæmt úthlutunar líkönum og fjárheimildir sem stofnanir hafa og byggðar eru á barnafjölda, úthlutun kennslustunda og stöðugilda.
- Hráefniskostnaður mótuneyta og aðkeyptur matur var 543 m.kr. umfram fjárheimildir.
- Á tímabilinu nam halli borgarrekinn grunnskóla um 487 m.kr. Í heildina voru 20 með afgang eða í jafnvægi en aðrir með halla.
- Leikskólahluti var 1.480 m.kr. yfir fjárheimildum eða 8,9%. Allir borgarreknir leikskólar nema 8 voru með halla.
- Í ársbyrjun 2022 hefur sviðið með þátttöku FAS unnið að mótun reiknilíkans fyrir úthlutun fjárheimilda til leikskóla. Stefnt er að vinnu við líkanið ljúki á næstu vikum.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Í borgarreknnum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 284 m.kr. umfram fjárheimildir eða 0,9% fyrir utan óreglulega liði þ.e. vegna myglu og Covid-19. Haustið 2021 var samþykkt nýtt reiknilíkan fyrir borgarrekinna grunnskóla og fjárheimildir á árinu 2022 auknar um 1,5 ma.kr. Samhliða nýja líkaninu voru samþykktar reglur um eftirlit með rekstri grunnskóla þar sem kemur fram hvernig bregðast skal við frávikum. Ef tekið er mið af þessum niðurstöðum er hægt að draga þá ályktun að líkanið virðist endurspeglar rekstur skólanna. Samt sem áður er áréttað mikilvægi þess að sviðið framfylgi kostnaðareftirliti skv.þeim leikreglum sem settar hafa verið.
- Í borgarreknnum leikskólum er raunkostnaður 1.480 m.kr. eða 8,9% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Markmiðið með útfærslu á nýju reiknilíkani fyrir leikskóla er að skilgreina með skýrum hætti þjónustustig og forsendur fjárheimilda. Mikilvægt er að ná sátt um líkanið og fjármagna starfsemina í samræmi við það. Að sama skapi verði settar skýrar leikreglur um eftirlit með rekstri eins og gert hefur verið með grunnskólana.
- Útgjöld á barn í leikskólum borgarinnar hafa hækkað umtalsvert á föstuverðlagi frá árinu 2018 eða um 16,3%. Tekjur á barn hafa hins vegar dregist saman um 7,8%. Kostnaðarþátttaka foreldra var 8,7% á árinu 2018 en var aðeins 6,9% árið 2022. Mikilvægt er að mótuð verði stefna borgarinnar um kostnaðarþátttöku foreldra vegna reksturs leikskóla.
- Frávik í rekstri Klettaskóla eru 215 m.kr. eða 12%. Brýnt er að hraða rýningu á rekstri skólans og skýra forsendur fjármögnunar.
- Uppgjör milli sveitarfélaga myndar halla upp á 72,5 m.kr. Þetta þýðir að fleiri reykvísk börn eru í grunnskólum nágrannasveitarfélaganna en áætlað var. Ástæða er til að rýna þetta með reglubundnum hætti yfir árið og jafna með sambærilegum hætti og gert er með breytingu á barnafjölda í borgarreknnum skólum.
- Kostnaður vegna aðgerða í rekstri tengdum rakaskemmdum nam samtals 329,4 m.kr. Mikilvægt er að skýrar leikreglur gildi um hvernig tekist er á við afleiddan kostnað sem fellur til vegna aðgerða sem fara þarf í vegna rakaskemmda.